

**Borgarstjórn**  
**13. september 2019**

### **Tillaga forseta borgarstjórnar um yfirlit yfir mætingu varamanna í ráð og nefndir**

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki að gera breytingu á framlagningu yfirlits yfir mætingar kjörinna fulltrúa á fundi ráða og nefnda. Framvegis verði lagt fram yfirlit yfir setu varamanna í ráð og nefndum sem greitt er sérstaklega fyrir. Slíkt yfirlit verði lagt fyrir forsætisnefnd með reglulegum hætti, að lágmarki hálfárslega.

### **Greinargerð:**

Á fundi forsætisnefndar 15. janúar 2015 fór fram kynning á útfærslu hagræðingar á skrifstofu borgarstjórnar. Af því tilefni samþykkti nefndin á fundinum að fela skrifstofustjóra borgarstjórnar að kalla eftir yfirliti yfir mætingar í borgarstjórn, borgarráð, fagráð og hverfisráð borgarinnar það sem af er kjörtímabilinu. Jafnframt að lagt verði fram yfirlit yfir mætingu og innköllun varamanna fjórum sinnum á ári. Að beiðni forsætisnefndar var framsetning yfirlitsins þróað áfram og bætt við upplýsingum um setu aðalmanna og áheyrnarfulltrúa einnig. Vinnsla yfirlitsins er tímafrek og flókin en áætla má að um sé að ræða ca. fimm daga vinnu. Breytingin sem lögð er til er í samræmi við upphaflega samþykkt forsætisnefndar og þann tilgang að gera oddvitum kleift að hafa yfirsýn yfir það hversu vel fulltrúar sækja fundi og gera breytingar ef þörf er á.